

Ed.

587. Frumvarp til laga

[288. mál]

um Landakaupasjóð vegna kaupstaða og kauptúna.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81.)

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að mynda sjóð, sem hafi það hlutverk að veita kaupstöðum og kauptúnum lán til kaupa á landi innan marka hlutaðeigandi sveitarfélags, enda telji sveitarstjórn nauðsyn á að eignast landið vegna almennra þarfa og ráðuneytið fallist á það sjónarmið.

Einnig er heimilt að veita í sérstöðum tilfellum lán vegna nauðsynlegrar landfyllingar þar sem skortur er á landi vegna þróunar byggðar.

2. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu félagsmálaráðuneytis, sem tekur ákvarðanir um einstakar lánveitingar svo og lántökur sjóðsins skv. 7. gr.

3. gr.

Einstök lán mega nema allt að 60% af kaupverði lands. Rétt er að synja um lánveitingu, ef ráðuneytið telur kaupverð lands óhæfilega hátt.

Kjör á útlánum skulu vera í samræmi við útlánskjör fjárfestingarlánasjóða á hverjum tíma og kjör á lánum, sem sjóðurinn tekur vegna starfsemi sinnar.

4. gr.

Til tryggingar lánum skulu vera veð í hinu keypta landi svo og framlög til sveitarfélags úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, sbr. lög nr. 73/1980. Eigi má selja land, sem keypt hefur verið skv. lögum þessum nema samþykki ráðuneytisins komi til.

5. gr.

Auk lánveitinga skv. 2. og 3. gr. er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast lán vegna landakaupa, þannig að samanlögð lánveiting og ábyrgð nemi allt að 90% af kaupverði lands.

6. gr.

Ráðsstöfunarfé sjóðsins er:

- a) Fé það, sem við gildistöku laga þessara er í sjóði skv. lögum nr. 41/1963 með síðari breytingum, svo og vextir og afborganir af því fé.
- b) Lán, sem sjóðurinn tekur skv. 2. gr. og 7. gr.
- c) Afborganir og vextir af veittum lánnum.

7. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að taka lán vegna sjóðsins svo að hann geti gegnt hlutverki sínu skv. 1. gr.

8. gr.

Félagsmálaráðuneytið annast bókhald og fjárreiður sjóðsins. Heimilt er þó ráðuneytinu að semja við lánastofnun um að annast afgreiðslustörf fyrir sjóðinn, svo og bókhald og fjárreiður gegn ákveðinni þóknun.

9. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðun og birtir í B-deild Stjórnartíðinda. Jafnframt skal senda eintak af ársreikningum sjóðsins til ríkisbókhalds.

10. gr.

Fiármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður þinglesturs- og stimpilgjöld af afsalsbréfum fyrir löndum og lóðum, sem sveitarfélög kaupa, einnig þótt þau njóti ekki aðstoðar skv. lögum þessum. Sama gildir um önnur láns skjöl, sem út eru gefin vegna slíkra landa- og lóðakaupa.

11. gr.

Nú samþykkir félagsmálaráðuneytið að veita sveitarfélagi aðstoð skv. lögum þessum, en eigaði lands vill ekki selja eða samkomulag næst ekki um kaupverð, og er þá heimilt að taka löndin eða lóðirnar eignarnámi skv. lögum nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 41 frá 27. apríl 1963 um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kaupþún vegna landakaupa og lög um breytingar á þeim lögum nr. 74/1963, 43/1972, 35/1973 og 50/1974.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði 20. nóv. 1980. Í nefndinni áttu sæti Gunnar Eydal, skrifstofustjóri borgarstjórnar, formaður, Jóhann Einvarðsson, alþingismaður, og Valdimar Indriðason, framkvæmdastjóri. Magnús E. Guðjónsson, framkv.stj. Samb. ísl. sveitarfélaga, starfaði með nefndinni. Nefndinni var sérstaklega ætlað að endurskoða tekjustofnaákvæði eldri laga, þ.e. l. nr. 41 frá 27. apríl 1963 um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kaupþún vegna landakaupa með síðari breytingum.

Eldri lög á þessu sviði gegna á engan hátt upphaflegum tilgangi vegna allt of lágra tekjustofna. Það sýna glögg lánveitingar undanfarinna ára.

Árið 1977 var 10 sveitarfélögum veitt lán, samtals að fjárhæð 23 976 þús. g.kr. Hæsta lán var 4 500 þús. g.kr.

Árið 1978 var 8 sveitarfélögum veitt lán, samtals að fjárhæð 19 850 þús. g.kr. Hæsta lán var 4 000 þús. g.kr.

Árið 1979 var 10 sveitarfélögum veitt lán, samtals að fjárhæð 36 200 þús. g.kr. Hæsta lán var 15 000 þús. g.kr.

Árið 1980 var 7 sveitarfélögum veitt lán, miðað við 1. des. s. l., samtals að fjárhæð 28 200 þús. g.kr. Hæsta lán var 9 000 þús. g.kr.

Af framangreindum upplýsingum má ljóst vera að umræddar lánveitingar hrökkva í flestum tilfellum skammt ekki síst þegar um er að ræða meiri háttar landakaup.

Stefna sveitarfélaga er almennt sú að ráða yfir því landi sem á þarf að halda vegna þéttbýlisþróunar. Ljóst er, að víða er slíkt land í einkaeign og sveitarfélög leita því jafnan eftir samningum við viðkomandi landeigendur eða leita eignarnáms, ef ekki semst um kaupin áður en landið er tekið til skipulags vegna byggðapróunar.

Landakaup af þessu tagi geta verið viðkomandi sveitarfélagi mjög þungur baggi fjárhagslega og sjaldnast er vitað með löngum fyrirvara, hvort eða hvenær af kaupum verður. Veldur þetta m. a. því, að erfitt getur verið fyrir sveitarfélagið að áætla framlag á fjárhagsáætlun vegna slíkra landaupa.

Frumvarp þetta er nefnt „frumvarp til laga um Landakaupasjóð vegna kaupstaða og kauptúna“. Rétt þykir að gera ráð fyrir sérstökum sjóði til að annast það hlutverk sem hér um ræðir. Eldri lög gerðu ekki ráð fyrir sjóðsstofnun, en í reynd hefur myndast sérstakur sjóður.

Meginbreytingin með lögum þessum er að auka ráðstöfunarfé sjóðsins. Gildandi lög veita ekki lántökuheimild, heldur skal ríkissjóður leggja árlega fram kr. 10 millj., sem heimilt er að lána kaupstöðum og kauptúnum. Rétt þykir að fellt verði niður hið árlega framlag ríkissjóðs, en þess í stað komi heimild til lántöku. Sjóðurinn endurláni síðan ráðstöfunarfé til kaupstaða og kauptúna vegna landaupa.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Hér er gert ráð fyrir að myndaður verði sérstakur sjóður, Landakaupasjóður, sem hafi það hlutverk að lána kaupstöðum og kauptúnum. Skilyrði þess, að lán verði veitt eru efnislega sams konar og í eldri lögum.

Í 2. mgr. er um nýmæli að ræða, þar sem gert er ráð fyrir að í sérstökum tilfellum sé heimilt að veita lán vegna nauðsynlegrar landfyllingar, þar sem skortur er á landi vegna þróunar byggðar. Vegna skorts á heppilegu byggingarlandi getur það verið sveitarfélagi nauðsynlegt að auka við land með landfyllingu. Hér er um að ræða undantekningarákvæði, sem skýra ber þröngt.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa. Greinin er efnislega samhljóða ákvæðum eldri laga.

Um 3. gr.

Ákvæði um hámark lána er óbreytt frá eldri lögum, 60% af kaupverði lands. Í 2. mgr. er gert ráð fyrir, að kjör á útlánum skuli vera í samræmi við útlánakjör fjárfestingarlánasjóða á hverjum tíma. Hér er fylgt þeirri meginstefnu, sem um fjárfestingarlánasjóði almennt gildir í þjóðfélaginu, í stað þess að fastákveða vexti eins og gert var í eldri lögum.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa. Greinin er efnislega samhljóða ákvæðum eldri laga.

Um 5. gr.

Í þessari grein er um að ræða heimild til ríkisstjórnarinnar til að ábyrgjast lán vegna landaupa kaupstaða og kauptúna. Samanlögð ábyrgð og lánveiting má nema allt að 90% af kaupverði lands. Í eldri lögum er gert ráð fyrir að samtala þessi megi nema allt að 100% af kaupverði, en óraunhæft þykir að eigið framlag sveitarfélagsins muni ekki nema a. m. k. 10% af kaupverði.

Um 6. gr.

Ráðstöfunarfé sjóðsins er fengið með þrenns konar hætti. Í fyrsta lagi yfirtekur sjóðurinn fé það, sem fyrir er í eldri sjóði skv. l. 41/1963, með síðari breytingum, svo og vexti og afborganir af því fé.

Í öðru lagi er sjóðnum heimilt að taka lán.

Í þriðja lagi er um að ræða afborganir og vexti af veittum lánum.

Um 7. gr.

Með þessari grein er ríkisstjórninni veitt heimild til lántöku vegna sjóðsins og er hér um nýmæli að ræða.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Þessi grein er í meginatriðum efnislega samhljóða ákvæðum eldri laga.

Um 11. gr.

Rétt þykir að taka upp í frv. þetta eignarnámsheimild í samræmi við 6. gr. l. 41/1963. Þótt ekki hafi með þeim hætti reynt á umrædda heimild, getur það verið sveitarfélagi mikilvægt að slík eignarnámsheimild sé fyrir hendi, þrátt fyrir eignarnámsákvæði skipulagslaga nr. 19/1964.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.